

Reglur

Mótastjórn og admins taka ákvarðanir um alla ágreininga eða uppákomur sem gætu komið upp og er þeirra ákvörðun endanleg.

Með því að skrá þig og liðið þitt á mótið samþykkir þú að hafa kynnt þér reglur mótsins og að fylgja þeim eftir.

1. Reglur mótsins

1.1 Apex mót - Skjálfti

Keppni fer fram laugardaginn 27. september kl. 16:00! Sýnt verður frá mótinu á [twitch.tv/gametiviis](https://www.twitch.tv/gametiviis) - Hægt er að keppa remote og á staðnum. Þau sem mæta á lanið í kópavogi geta verið á laninu frá föstudeginum 26. september til sunnudags 28. september.

1.2 Mótastjórn

Mótastjórn mun sjá um að halda utan um úrslit í leikjum og að fylgja eftir reglum mótsins með leikmönnum.

1.3 Þátttaka

1.3.1 Aðeins einstaklingar búsettir á Íslandi geta skráð sig og tekið þátt í mótinu. Admin geta gert undantekningu á þessari reglu, sjái þeir ástæðu til.

1.3.2 Með því að skrá þig á mótið samþykkir þú að þitt lið mæti á keppnisdag og á réttum tíma.

1.3.3 Allir leikmenn samþykkja með skráningu að fylgja reglum mótsins og samþykka einnig að mótastjórn hafi loka ákvörðunarrétt, komi upp ágreiningar.

1.3.4 Allir leikmenn þurfa að koma fram við meðspilara og mótspilara sína af virðingu ásamt mótastjórn.

1.3.5 Allir leikmenn þurfa að reyna sitt besta til að vinna sína leiki. Það er ekki leyfilegt að reyna vísvitandi að tapa leikjum og mun mótastjórn taka á þeim málum ef það liggur grunur um að lið sé að gefa frá sér stig til annars liðs viljandi eða nokkur lið að vinna saman.

1.3.6 Ekki er leyfilegt að vera með notendanöfn sem eru rasísk, sexist o.s.frv.

1.3.7 Þátttökugjald remote er **3.000 kr.** og **6.990 kr.** Fyrir aðgengi að LAN svæðinu á Skjálfta alla þrjá dagana fyrir þau sem ætla að keppa á staðnum.

1.3.8 Leikmenn samþykkja að breyta um notendanöfn ef að mótastjórn krefst þess samkv. reglunni hér að ofan.

1.3.9 Ef að leikmenn svindla á mótinu eru þeir samstundis reknir úr mótinu og fá ekki að taka þátt á næstu mótum.

1.3.10 Allir leikmenn samþykkja að efni úr myndbandsefni úr mótinu megi nota í markaðsskyni og efni til að auglýsa næstu Apex mót.

1.4 Samskipti

1.4.1 Öll samskipti á mótinu fara fram á íslensku í gegnum Discord server.

1.4.2 Samskipti við mótastjórn verða aðeins tekin gild ef þau eru send í gegnum Discord.

2. Skipulag og dagskrá

2.1 Skipulag mótsins

2.1.1 Kept verður í "Match-point" format. Stig eru gefin fyrir sæti í leikjunum og kills.

2.2 Skráning

2.2.1 Til þess að taka þátt í mótinu þarf liðstjóri liðsins að skrá liðið sitt [hér í skráningarforminu](#).

2.3 Dagskrá

2.3.1 Gert er ráð fyrir því að leikmenn verði komnir inná Discord rásina og tilbúnir að keppa 15 mín. fyrir mótið.

2.3.2 Mótastjórn hefur rétt til þess að breyta byrjunartímamótsins sjái þau tilgang til þess.

2.4 Liðsmenn

2.4.1 Ekki er leyfilegt að skipta leikmönnum út úr liðinu á meðan á mótinu stendur.

3. Leiktímar

3.1 Leiktímar

3.1.1 Mótastjórn ákveður hvenær að leikir hefjast.

3.2 Frestun leikja á mótinu

3.2.1 Leikjum verður ekki frestað nema að mótastjórn samþykki það og sjá tilgang til þess.

3.3 Stundvísi

3.3.1 Ef að lið er ekki klárt til að keppa í leik 15 mínutum áður en leikur á að hefast, tapar það lið sjálfkrafa þeim leik og fær 0 stig.

4. Fyrir leik

4.1 Samskipti

4.1.1 Allir keppendur þurfa að vera Discord rásinni þar sem samskipti fara fram.

4.1.2 Allir keppendur þurfa að vera tilbúnir fyrir keppni á tilsettum tíma. Liðstjóri sér um að koma liðinu sínu inn í lobby-ið með hinum liðinum.

4.1.3 Aðeins lið sem eru skráð á mótið geta tekið þátt nema mótastjórn geri undantekningu á því t.d. Ef að lið þarf að redda sér nýjum leikmönnum ef einhver forfallast í liðinu þeirra.

4.1.4 Öll lið þurfa að staðfesta mætingu og að þau séu klár fyrir leik á Discord.

4.2 Server vandamál

4.2.1 Ef það koma upp einhver vandamál með server verður mótinu frestað. Mótastjórn tekur ákvörðun um það.

4.3 Stigagjöf

4.3.1 Keppt er í "Match-point format" sem þýðir að lið þarf að ná **50 stigum** og vinna síðan leik. Stigagjöf er eftirfarandi:

1. sæti = 12 stig

2. sæti = 9 stig

3. sæti = 7stig

4. sæti = 5 stig

5. sæti = 4 stig

6.-7. sæti = 3 stig

8.-10. sæti = 2 stig

11.-15. sæti =1 stig

16.-20. sæti = 0 stig

1 stig per kill*

5. Á meðan á mótinu stendur

5.1 Streymi

5.1.1 Leikmönnum er leyfilegt að streyma frá sínu gameplay á meðan á mótinu stendur.

5.1.3 Leikmenn geta beðið um að fá að skipta leikmanni í liðinu sínu út en mótastjórn tekur ákvörðun um hvort það sé samþykkt eða ekki.

5.2 Crossplay

5.2.1 Hægt er að taka þátt í mótinu og spila á PC eða Playstation.

6. Eftir leik

6.1 Tilkynningar um stig

6.1.1 Eftir hvern leik þarf lið að senda hvaða sæti þau lenntu í og kills til admins með því að senda skjáskot af summary hjá sér.

6.1.3 Þegar öll lið hafa sent stigin sín til mótastjórnar getur næsti leikur hafist en ekki fyrir það.

7. Sönnunargögn

7.1 Ef að liði tekst ekki að senda skjáskot af lokaskjánum hjá sér sem sýnir stig getur mótastjórn krafist annarra sönnunargagna t.d. skjáskot sent af öðrum liðum.

8. Brot á reglum

8.1 Mögulegar refsiaðgerðir

8.1.1 Ef að leikmenn brjóta reglur mótsins geta þeir átt von á eftirfarandi:

Sjálfkrafa tapi á leik

Vísað úr mótinu

Bann við þátttöku á öðrum mótum í framtíðinni.

9. Verðlaun

9.Verðlaun í deildinni eru í samstarfi við GameTíví og þeirra styrktaraðila.